

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	16.11.2016
Málalykill	10.10
Mál nr.	1604144

Bæjarráð Garðabæjar

Garðatorgi 7

210 Garðabæ

Garðabæ 14. nóvember 2016

Efni: Lagfæringar á graseyjum í Frjóakri – mál nr. 1604144/10.10

Með tilvísun í bréf bæjarritara, Guðjóns E. Friðrikssonar dagsett 16. september s.l.

Fyrir hönd íbúa í Frjóakri lýsi ég yfir megnri óánægju með svör og viðbrögð bæjarverkfræðings Garðabæjar við beiðni íbúa að minnka graseyjarnar í götunni þannig að bílastæðin við húsin geti nýttst íbúum.


Eftir móttöku tölvupósts frá Hildi Benediktsdóttur dags. 20. apríl sl. þar sem segir orðrétt „**Á fundi bæjarráðs 19. apríl sl. var tekið fyrir erindi íbúa við Frjóakur um minnkun graseyja í götunni dags. 12.04.16. Bæjarráð tók jákvætt í erindið og samþykkti að vísa því til frekari úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði**“ töldum við íbúar skv. orðanna hljóðan að málið væri í höfn og framkvæmdir yrðu í höndum tækni- og umhverfissviðs bæjarins. Þann 28. júlí berst tölvupóstur frá Eysteini Haraldssyni þar sem hann vísar í að gengið hafi verið frá gangstéttum og graseyjum skv. deiliskipulagi en jafnframt að íbúum sé heimilt að setja grasstein í hluta graseyja. Þar með hunsar bæjarverkfræðingur ofangreinda samþykkt bæjarráðs og bendir á lausn sem er alsendis ónothæf.

Það sem bæjarverkfræðingur er að bjóða íbúum upp á, er að þeir megi sjálfir leggja grasstein ofan í eyjurnar og bílar aki upp á eyjurnar til að komast inn í stæðin við húsin. Það er búið að benda á og bæjarverkfræðingur ætti að vita, að flestar litlar fólksbifreiðar komast ekki upp á graseyjurnar, nema skemmast. Með bréfi okkar dags. 5. ágúst sl. mótmæltum við þessari úrlausn sem Eysteinn Haraldsson býður íbúum uppá þar sem hún er ekki viðunandi. Viljum við ítreka það hér aftur með bréfi þessu.

Eins og fram kemur hér að ofan í svari bæjarverkfræðings þá eru umræddar eyjar skv. deiluskipulagi og hefur enginn efast um það. En benda má á í þessu sambandi að deiluskipulagið hefur ekki verið í samræmi við byggingar í Akrahverfinu. Ef farið er um hverfið, eru í öllum götum þess, graseyjar sem eru rangt staðsettar. Garðabær hefur látið breyta eyjunum í sumum tilfellum en íbúar sjálfir í öðrum. Það virðist því vera að bærinn geti breytt deiluskipulagi eftir hentugleikum.

Það verður að segjast að þessi afgreiðsla stjórnenda bæjarins, veldur okkur miklum vonbrigðum og umhugsun. Við teljum það ekki vera góða stjórnsýslu að standa ekki við fyrri samþykkt og benda síðan íbúum á að leysa sjálfir úr þessu skipulagsklúðri og með úrlausn sem ekki er nothæf.

Virðingarfyllt,



Kristján Ólafsson

Frjóakri 4

